





VIÐHALDSLEIÐBEININGAR



Efnisyfirlit

Öryggi	4
Markhópur	4
Rétt notkun	4
Öryggisupplýsingar	4
Viðvaranir og tákn í þessum leiðbeiningum	4
Vörulýsing	5
Samsetning	5
Virkni	5
Notkun	7
Stillingar með Geberit fjarstýringunni	7
Gert við bilanir	12
Sjálfvirk skolun gerð óvirk	13
Viðhald	15
Skipt um stýringu	15
Skipt um lyftibúnað	17
Innrauður hreyfiskynjari prófaður með því að setja skolun af stað handvirk	21
Innrauður hreyfiskynjari prófaður með því að setja skolun af stað sjálfkrafa	21
Umhirða og þrif	21

Öryggi

Markhópur

Eingöngu fagfólk má annast viðhald og viðgerðir á þessari vöru. Fagaðili er sá sem býr að faglegri menntun, þjálfun og/eða reynslu sem gerir viðkomandi kleift að greina og forðast hættur sem stafað geta af notkun vörunnar.

Rétt notkun

Geberit salernisstýring með stjórnplötu Sigma10 er ætluð til að setja skolun af stað í innfelldum Geberit Sigma vatnskössum.

Öryggisupplýsingar

- Notið eingöngu upprunalega varahluti til viðgerða.
- Ekki skal breyta vörunni eða bæta neinu við hana.

Viðvaranir og tákn í þessum leiðbeiningum

Viðvaranir og tákn

ATHUGIÐ


Gefur til kynna hættu sem getur leitt til tjóns ef ekki er komið í veg fyrir hana.



Bendir á mikilvægar upplýsingar.

Vörulýsing

Samsetning



- 1 Lyftibúnaður fyrir innfellda Geberit Sigma vatnskassa 12 cm
- 2 Lyftibúnaður fyrir innfellda Geberit Sigma vatnskassa 8 cm
- 3 Festirammi
- 4 Stýring
- 5 Geberit stjórnplata Sigma10
- 6 Aflgjafi
- 7 Rafhlöðuhólf


Virgni

Á bak við stjórnplötu salernisstýringarinnar eru innrauðir skynjarar. Þessir skynjarar vakta mismunandi skynjunarsvið.

Skynjunarsviðið fyrir notanda (1) greinir hvort notandinn situr eða stendur fyrir framan salernisstýringuna. Ef notandinn situr er handvirk skolun gerð óvirk. Þannig er komið í veg fyrir að notandi sturti óvart niður ef hann hallar sér aftur meðan á notkun stendur.

Ef farið er með hendi inn fyrir skynjunarsviðið fyrir handvirka skolun (2) setur salernisstýringin skolun með litlu eða fullu magni af stað. Þegar hendi er haldið á skynjunarsviðinu í stutta stund setur salernisstýringin skolun með fullu magni af stað. Þegar hendi er haldið á skynjunarsviðinu í lengri tíma setur salernisstýringin skolun með litlu magni af stað.

Skynjunarsviðið fyrir viðveru (3) er eingöngu virkt þegar búnaðurinn gengur fyrir rafhlöðum og er þá notað til að spara orku. Um leið og breyting á sér stað á svæðinu verður skynjunarsviðið fyrir notanda virkt.




Mynd 1: Skynjunarsvið

- 1 Skynjunarsvið fyrir notanda
- 2 Skynjunarsvið fyrir handvirka skolun
- 3 Skynjunarsvið fyrir viðveru

Notkun

Stillingar með Geberit fjarstýringunni

Innrauða tengið fyrir samskipti við Geberit fjarstýringuna er á miðri stjórnplötunni. Til þess að hægt sé að breyta stillingum þarf að beina Geberit fjarstýringunni að innrauða samskiptatenginu í 20 til 30 cm fjarlægð og hún þarf að vera stillt á tveggja stefnu virkni.



Mynd 2: Notkun með Geberit fjarstýringunni

Með Geberit fjarstýringunni er hægt að framkvæma frekari viðhaldsaðgerðir og breyta tilteknum stillingum. Númer og hugtök í dálkinum „Valmyndaratriði“ eru þau sömu og koma fram á skjá Geberit fjarstýringarinnar. Nánari upplýsingar er að finna í notendahandbók með Geberit fjarstýringunni.

Skipanir				
Valmyndarat riði [EN] [DE]	Lýsing	Notkun	Gildi	Verksmið- justilling
20 [FullFlush] [VollMenge]	Skolun með fullu magni sett af stað. Skolun með fullu magni er sett af stað.	Til að prófa virkni lyftibúnaðar	Ræsing = <OK>	—
21 [PartFlush] [TeilMenge]	Skolun með litlu magni sett af stað. Skolun með litlu magni er sett af stað.	Til að prófa virkni lyftibúnaðar	Ræsing = <OK>	—

Skipanir				
Valmyndarat- riði [EN] [DE]	Lýsing	Notkun	Gildi	Verksmið- justilling
22 [RangeTest] [TestErfas]	Prófun á skynjunarsvæði. Til að prófa skynjunarsviðið þarf að fara inn á það. Við það er skolun ekki sett af stað. Ef ljósdíóðan í skynjaraglugganum logar virkar skynjunarsviðið eins og það á að gera. Að 10 mínútum liðnum er aðgerðin sjálfkrafa gerð óvirk.	Við truflanir á skynjun	0–3 [...]	0 [0]
	0 Aðgerðin hefur verið gerð óvirk.			
	1 Skynjari skynjunarsviðs fyrir notanda er gerður virkur. Ljósdíóðan logar = Notandi greindist.			
	2 Skynjari skynjunarsviðs fyrir handvirka skolun er gerður virkur. Ljósdíóðan logar = Hönd greindist.			
	3 Skynjari skynjunarsviðs fyrir viðveru er gerður virkur. Ljósdíóðan logar = Notandinn hreyfir sig innan skynjunarsviðsins.			
23 [CleanMode] [Reinigung]	Þrífastillingin er gerð virk. Stýringin er óvirk eins lengi og gildið í valmyndaratríði 42 [CleanTime] [ReiniZeit] segir til um. Aðgerðin er stöðvuð þegar tengingu er komið aftur á við Geberit fjarstýringuna. Ljósdíóðan í skynjaraglugganum blikkar á 3 sekúndna fresti.	Hægt er að þrífa stjórnplötu og salerni án þess að skolun sé sett af stað.	Ræsing = <OK>	–
24 [BlocFlush] [Blockiere]	Lokað fyrir skolun. Skolun er ekki sett af stað. Aðgerðin er stöðvuð þegar tengingu er komið aftur á við Geberit fjarstýringuna. Að 10 klukkustundum liðnum er aðgerðin sjálfkrafa gerð óvirk.	Við truflanir á skynjun	Ræsing = <OK>	–
25 [FactorySet] [Werkeinst]	Allt endurstílt á verksmiðjustillingar.	Við truflanir á virkni	Ræsing = <OK> Staðfesta = <R>, <OK>	–

Forstillingar				
Valmyndarat riði [EN] [DE]	Lýsing	Notkun	Gildi	Verksmið- justilling
30 [AutFlshEn] [AutFlshEn]	Opnað fyrir sjálfvirka skolun. Ef þessi eiginleiki er gerður virkur setur stýringin alltaf skolun af stað þegar farið er frá salerninu. Ekki þarf þá lengur að setja skolun af stað handvirkt.	Hreinlæti	Á = <ON> Af = <OFF>	[ON]
31 [ManFlshEn] [FreiManSp]	Handvirk skolun gerð virk.	–	Á = <ON> Af = <OFF>	[ON]
32 [PowOnFlsh] [NetzEinSp]	Valið að skola þegar straumur er settur á. Stýringin setur af stað skolun þegar straumur er settur á.	- Aðalskolun sett af stað - Staðfesting á virkni	Á = <ON> Af = <OFF>	[OFF]
33 [PreFlush] [Vorspülng]	Forskolun valin. Þegar farið er inn á skynjunarsviðið fyrir notanda setur stýringin skolun með litlu magni af stað.	Salernisskálín er bleytt fyrir notkun til að hindra að skán myndist.	Á = <ON> Af = <OFF>	[OFF]

Færibreytur				
Valmyndarat riði [EN] [DE]	Lýsing	Notkun	Gildi	Verksmið- justilling
40 [FlshTime] [Spülzeit]	Stillið skolonartímann. Hægt er að stilla magnið fyrir litla skolon. (Uppgefið magn fyrir skolon er til viðmiðunar og fer eftir salernisskálinni hverju sinni).	Skolað sem best úr salernisskálinni	0–4 [...] 0 = 2,5 l 2 = 3,5 l 4 = 4,5 l	3,5 l [2]
41 [IntervalT] [IntervalZ]	Tími á milli skolonar til að tryggja hreinlæti stilltur. Stýringin setur skolon af stað sjálfkrafa með innstilltu millibili og skolonartímanum sem tilgreindur er í valmyndaratriði 46 [HygFlshT]. Tímabilið hefst að nýju með hverri skolon.	- Fyllt á vatnslásinn ef notkun er lítil - Stöðnu vatni skolað út (kemur í veg fyrir að vatn sé of lengi óhreyft)	1–168 klst. [...] 0 = Slökkt	24 klst. [24]
42 [CleanTime] [ReiniZeit]	Stilling hreinsunartíma. Segir til um hversu lengi stýringin er óvirk ef valmyndaratriði 23 [CleanMode] [Reinigung] er sett af stað.	–	1–30 mín. [...]	10 mín. [10]
43 [DetectRng] [ErfassDis]	Stærð salernisskálar ákvörðuð. Stærð salernisskálarinnar skiptir máli fyrir greiningu á notanda sem situr.	–	0–1 [...] 0 = stutt 1 = löng	1 [1]
44 [DetectT] [VerweilZ]	Stilling dvalartíma. Minnsti tími sem dvelja þarf á skynjunarsviði fyrir notanda til þess að vera greindur sem standandi eða sitjandi notandi. Á eingöngu við þegar sjálfvirk skolon er virk.	Kemur í veg fyrir að skolon sé sett af stað í hvert sinn sem farið er inn á skynjunarsviðið fyrir notanda	1–60 sek. [...]	7 sek. [7]
45 [DelayTime] [Spülverzö]	Biðtími fyrir skolon stilltur. Þegar farið er af skynjunarsviðinu fyrir notanda er beðið í þann tíma sem gildið segir til um áður en skolon er sett af stað. Á eingöngu við þegar sjálfvirk skolon er virk.	–	1–15 sek. [...]	3 sek. [3]
46 [HygFlshT] [HygFlshT]	Skolonartími fyrir skolon til að tryggja hreinlæti stilltur. Stýringin setur sjálfkrafa af stað skolon með tilgreindum skolonartíma og því millibili sem tilgreint er í valmyndaratriði 41 [IntervalT].	- Fyllt á vatnslásinn ef notkun er lítil - Stöðnu vatni skolað út (kemur í veg fyrir að vatn sé of lengi óhreyft)	1–200 sek. [...]	1 sek. [1]

Teljari		
Valmyndaratriði [EN] [DE]	Lýsing	Skjár sýnir
50 [Days?] [SumBetrT?]	Fjöldi notkunardaga alls. Sýnir fjölda notkunardaga frá upphafi.	[...] dagar
51 [Uses?] [SumBenut?]	Fjöldi notkunarskipta alls. Sýnir hversu oft búnaðurinn hefur verið notaður frá upphafi.	[...] skipti
52 [Flushes?] [SumSpül?]	Fjöldi skolana alls. Sýnir hversu oft hefur verið skolað frá því búnaðurinn var tekinn í notkun.	[...] skolanir
53 [AutFlush?] [SumAutSp?]	Fjöldi sjálfvirkra skolana alls. Sýnir hversu oft hefur verið skolað sjálfkrafa frá því búnaðurinn var tekinn í notkun.	[...] skolanir
54 [ManFlush?] [SumManSp?]	Fjöldi handvirkra skolana alls. Sýnir hversu oft hefur verið skolað handvirkt frá því búnaðurinn var tekinn í notkun.	[...] skolanir
55 [FullFish?] [SumVollM?]	Fjöldi handvirkra skolana með fullu magni. Sýnir hversu oft hefur verið skolað með fullu magni frá því búnaðurinn var tekinn í notkun.	[...] skolanir
56 [PartFish?] [SumTeilM?]	Fjöldi handvirkra skolana með litlu magni. Sýnir hversu oft hefur verið skolað með litlu magni frá því búnaðurinn var tekinn í notkun.	[...] skolanir
57 [IntFlush?] [SumIntSp?]	Fjöldi reglulegra skolana alls. Sýnir hversu oft regluleg skolun hefur farið fram frá upphafi.	[...] skolanir
58 [PreFlush?] [SumVorSp?]	Fjöldi forskolana alls. Sýnir hversu oft forskolun hefur farið fram frá upphafi.	[...] skolanir

Upplýsingar um tæki		
Valmyndaratriði [EN] [DE]	Lýsing	Skjár sýnir
60 [SWVersion] [SWVersion]	Hugbúnaðarútgáfa. Sýnir hugbúnaðarútgáfu stýringarinnar með sniðinu „D V V Á Á“ (D = vikudagur, V = vika, Á = ár), t.d. [41113].	[...]
61 [SerialNo] [Serien-Nr]	Raðnúmer. Sýnir raðnúmer stýringarinnar.	[...]
62 [ManufDate] [ProdDatum]	Framleiðsludagur stýringar. Sýnir framleiðsludag stýringarinnar (t.d. [15122012] = 15. desember 2012).	[...]

Gert við bilanir

Rekstraraðili getur sjálfur gert eftirfarandi ráðstafanir til að gera við bilanir:

- þrifið stjórnplötuna
- skipt um rafhlöður

Þessum ráðstöfunum er lýst í notkunarleiðbeiningum 966.230.00.0.

Bilun	Orsök	Úrbætur
Skolað á röngum tíma (of snemma, of seint, óumbeðið)	Skynjaraglugginn er óhreinur eða blautur	► Hreinsið eða þurrkið stjórnplötuna. → Sjá notkunarleiðbeiningar 966.230.00.0.
	Skynjaraglugginn er rispaður	► Skiptið um stjórnplötuna.
Skolun er sett af stað sjálfkrafa þegar farið er frá salerninu.	Sjálfvirk skolun er virk	► Gerið sjálfvirka skolun óvirka.
Sírennsli í salernisskál.	Bilun í hugbúnaði	► Takið rafmagnið (öryggi íbúðar) af í 10 sekúndur.
	Pakkning lyftiskálarinnar er í ólagi	► Skiptið um pakkningu lyftiskálarinnar.
	Áfyllingarlokinn er í ólagi	► Skiptið um áfyllingarlokann.
Ekki er skolað nægilega vel úr salernisskálinni.	Skolmagn er ekki rétt stillt	► Stillið magnið fyrir fulla skolun rétt á skolunarlokanum. ► Stillið magnið fyrir litla skolun rétt með Geberit fjarstýringunni.
Ekki er hægt að setja skolun af stað.	Rafmagnsleysi	► Athugið rafmagnið (öryggi íbúðar).
Ekki er hægt að setja skolun af stað. Ljósdióðan í skynjaraglugganum blikkar þegar notandi er innan skynjunarsviðs fyrir notanda.	Lítil hleðsla á rafhlöðum	► Skiptið um rafhlöður. → Sjá notkunarleiðbeiningar 966.230.00.0.
Ekki er hægt að setja skolun af stað. Ljósdióðan í skynjaraglugganum logar þegar notandi er innan skynjunarsviðs fyrir notanda.	Rafhlöðurnar eru tómar	► Skiptið um rafhlöður. → Sjá notkunarleiðbeiningar 966.230.00.0.
Ekki er hægt að setja skolun af stað. Ljósdióðan í skynjaraglugganum blikkar hratt.	Klór lyftibúnaðarins hefur ekki verið stungið rétt í samband	► Stingið klónni rétt í lyftibúnaðinn.
	Lyftibúnaður er í ólagi	► Skiptið um lyftibúnað.

Sjálfvirk skolun gerð óvirk



Sjálfvirk skolun er sjálfgefin stilling en hægt er að gera hana óvirka hvenær sem er.

- i** Sjálfvirk skolun er gerð virk með sama hætti og þegar hún er gerð óvirk. Þegar sjálfvirk skolun hefur verið gerð virk er það staðfest með hljóðmerki sem samanstendur af 5 einföldum tónum.


Skilyrði

- Salernisstýringin er tilbúin til notkunar.

- i** Losið um skrúfurnar báðum megin á stjórnplötunni, ef þær eru fyrir hendi.




- 1** Takið stjórnplötuna af.




- i** Til þess að breyta stillingunni verður að framkvæma eftirfarandi skref innan 15 mínútna:

- 2** Takið rafmagnssnúruna úr sambandi við stýringuna í 10 sekúndur.




- 3** Setjið rafmagnssnúruna aftur í samband við stýringuna.





- ✓ Gaumljósið logar.
- ✓ Að 15 sekúndum liðnum er gefið til kynna að eiginleikinn hafi verið gerður óvirkur með hljóðmerki sem samanstendur af 5 þreföldum tónum.



4 Setjið stjórnplötuna á.



i Festið skrufurnar báðum megin á stjórnplötunni, ef þær eru fyrir hendi.





5 Til þess að prófa hvort sjálfvirk skolun hefur verið gerð óvirk skal halda hendinni 2–3 cm fyrir framan stjórnplötuna.




Viðhald

Skipt um stýringu


- i** Losið um skrufurnar báðum megin á stjórnplötunni, ef þær eru fyrir hendi.




- 1** Takið stjórnplötuna af.




- 2** Takið báðar snúrurnar úr sambandi við stýringuna.




- 3** Takið stýringuna af.




- 4** Setjið nýju stýringuna í.



- 5** Tengid snúruna hægra megin aftur við stýringuna og hengid umframlengd snúrunnar í snúrufestinguna.




- 6** Tengid rafmagnssnúruna vinstra megin aftur við stýringuna.





- ✓ Gaumljósið blikkar og hljóðmerki heyrst þrisvar sinnum hverju sinni.

- 7** Setjid stjórnplötuna á.




- i** Festid skrufurnar báðum megin á stjórnplötunni, ef þær eru fyrir hendi.



Skipt um lyftibúnað




Losið um skrufurnar báðum megin á stjórnplötunni, ef þær eru fyrir hendi.




1

Takið stjórnplötuna af.




2

Takið báðar snúrurnar úr sambandi við stýringuna.




3

Losið um festikílinn.




4


Snúið milliboltunum.




- 5** Snúið þrýstistönginni rangsælis.




- 6** Takið festirammann af.




- 7** Takið hlífðarplötuna af.




- 8** Takið lyftibúnaðinn af.




- 9** Takið hlífðarfilmuna af nýja lyftibúnaðinum.




- 10** Setjið nýja lyftibúnaðinn í.




- 11** Setjið hlífðarplötuna á.




12 Setjið festirammann á.




13 Festið milliboltana.




14 Festið festikílna.




15 Snúið þrýstistönginni réttisælis.



- 16** Tengid snúruna hægra megin aftur við stýringuna og hengid umframlengd snúrunnar í snúrufestinguna.




- 17** Tengid rafmagnssnúruna hægra megin aftur við stýringuna.





- ✓ Gaumljósið blikkar og hljóðmerki heyrst þrisvar sinnum hverju sinni.

- 18** Setjid stjórnplötuna á.




- i** Festid skrufurnar báðum megin á stjórnplötunni, ef þær eru fyrir hendi.





Innrauður hreyfiskynjari prófaður með því að setja skolun af stað handvirkkt

- ▶ Haldið hendinni fyrir framan stjórnplötuna.



Innrauður hreyfiskynjari prófaður með því að setja skolun af stað sjálfkrafa

- ▶ Farið út af skynjunarsviði skynjarans.



Umhirða og þrif

ATHUGIÐ

Gróf og ætandi hreinsiefni valda skemmdum á yfirborðsflötum

- ▶ Notið ekki hreinsiefni sem eru slípandi, ætandi eða innihalda klór eða sýru.



Geberit mælir með því að Geberit AquaClean hreingerningasettið (vörunúmer 242.547.00.1) sé notað við þrif.

1

Þrífið yfirborðsflæti með mjúkum klúti og mildu, fljótandi hreinsiefni.

2

Þurrkið af yfirborðsflötum með mjúkum klúti.

Geberit International AG
Schachenstrasse 77, CH-8645 Jona
documentation@geberit.com
www.geberit.com

